

S A M Þ Y K K T**um afgreiðslutíma rakarastofa í Reykjavík.****1. gr.**

Afgreiðslutími rakarastofa í Reykjavík er svo sem segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga er afgreiðslutími rakarastofa frá kl. 9.00—18.00 og föstudaga kl. 9.00—19.00, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

3. gr.

Laugardaga er afgreiðslutími kl. 8.30—12.00 allt árið.

4. gr.

Á helgidögum Þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí og 17. júní skal lokað allan daginn.

Á gamlaársdag og aðfangadag jóla skal lokað kl. 12.00.

5. gr.

Síðasta laugardag fyrir Þorláksmessu og á Þorláksmessu, skal lokað kl. 21.00 og næst síðasta laugardag fyrir Þorláksmessu skal lokað kl. 18.00.

6. gr.

Pá, sem komnir eru inn á rakarastofu fyrir lokunartíma er heimilt að afgreiða, eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar samþykktar, þegar sérstaklega stendur á.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, er renna í borgarsjóð.
Um mál vegna brota á samþykkt þessari fer að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík nr. 171 27. desember 1946.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.